

Reykjavík, 15. nóv. 2024.

Umsögn íbúaráðs Grafarvogs vegna breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur og umhverfismat Keldna.

Íbúaráð hefur kynnt sér fyrirbyggjandi gögn, fengið kynningu á fundi ráðsins, heyrð í íbúum, sótt kynningarfund og rætt þetta nýja deiliskipulag og fyrirhugaða hverfi.

Við horfum sérstaklega til þess sem stendur í gögnum á Samráðsgáttinni um skipulag þessa nýja hverfis:

„ Settar verða ákveðnari kröfur og skipulagsákvæði um skipulag Keldnalandis – en venjan er að gera í aðalskipulagi - , s.s. um gæði og yfirbragð byggðar, hæðir húsa, skilgreiningu almenningsrýma, bíla- og hjólastæði, vistvæna hönnun og félagslega sjálfbærni og hagkvæma áfangaskiptingu uppbyggingar, sem taka þarf tillit til við mótun deiliskipulags.“

Fyrirhugað nýtt íbúðahverfi í Keldnalandi er mjög stórt og mikilvægt skipulagsverkefni í Reykjavík. Þar gefst einstakt tækifæri til að hanna eftirsóknarvert íbúðahverfi enda er svæðið fallegt og staðsetningin góð. Við skipulag hverfisins er rétt að áhersla verði lögð á að skapa þar fallegt og mannvænlegt hverfi sem tekur mið af þörfum þeirra sem velja sér þar búsetu og í góðri sátt við aðliggjandi hverfi. Í tengslum við fyrirbyggjandi breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur á Keldnalandi leggur íbúðaráð Grafarvogs áherslu á að haldið verði fullkomlega í það ákvæði sem fram kemur í ofansagðri lýsingu þ.e. að settar verði ákveðnari kröfur og skipulagsákvæði um skipulag landsins s.s. yfirbragð bygginga, hæðir húsa og almenningsrými. Íbúaráð vill ekki sjá margra hæða hús sem skaga hátt upp úr umhverfinu, huga þarf vel að samspili byggðar og landslags þannig að það falli sem best að nærliggjandi byggð. Íbúaráð leggur líka mjög mikla áherslu á að lögð verði sérstök áhersla á að vernda og viðhalda grænum svæðum m.a. upp með Grafarlæknum, þau ýmist skipulögð sem útivistarsvæði eða fái að halda sínu náttúrulega yfirbragði. Þeir sem hafa skoðað húsagerð og útlit bygginga í vinningstillögunni vilja treysta því að unnið verði áfram út frá þeirri hugmyndafræði en óttast mikinn þéttleika. Einnig vill íbúaráð láta endurmeta boðaðan stuðul í bílastæðishúsum og finnst eðlilegt að ganga út frá einu stæði á íbúð. Sérstaklega í þeim kjarna sem byrjað verður á, þar sem á þeim tíma verða væntanlega ekki allar línur borgarlínu komnar í gagnið né endurskipulagt leiðakerfi strætó. Það er óraunhæft er að ætla íbúum í hverfinu að ganga langar leiðir frá heimilum sínum að bílastæðahúsum og að sama skapi er óraunhæft að stýra því að í komandi framtíði geti íbúar í þessu nýja hverfi ekki átt bíl öðruvísi en að keppa við nágranna sína um þau bílastæð sem í boði verða sk. fyrirbyggjandi upplýsingum. Íbúaráð leggur líka áherslu á að það verði tryggt að þegar íbúðir verða afhentar íbúum verði innviðir á borð við grunn- og leikskóla og heilsugæsla til staðar.

Keldnalandið skiptir íbúa Grafarvogs miklu máli; ströndin, fuglalífið, óspillta náttúran og saga svæðisins. Þessum einkennum verður að halda til haga og flétta inn í fyrirhugað skipulag og uppbyggingu. Jafnframt leggur íbúaráð áherslu á að tryggja

þarf góðar umferðartengingar og gott aðgengi gangandi, hjólandi og akandi að íþróttasvæði Fjölnis í Dalhúsum. Síðan verður að gera ráð fyrir því að íþróttafélagið þurfi aukið landrými undir starfsemi sína í Dalhúsum með tilkomu þessa nýja hverfis. Jafnhliða uppbyggingu verði hafið samráð við Fjölni um nauðsynlegar breytingar á svæðinu þannig að það verði tilbúið að mæta verulegri fjölgun iðkenda. Íbúaráð leggur mikla áherslu á að öflugt íþrótt- og tómstundastarf verði tilbúið til að taka á móti fjölgun barna á svæðinu.

Að lokum leggur íbúaráð áherslu á að lokið verði við formlega friðun á strandlengjunni innan við Gullinbrú. Íbúaráð vill vekja athygli á að ráðið telur eðlilegt að þetta nýja hverfi fái póstnúmerið 112 enda er það vestan við Vesturlandsveg.

Með kveðju,
f.h. íbúaráðs Grafarvogs,
Fanný Gunnarsdóttir
formaður